



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Ársskýrsla 2023


Tekjur og gjöld af plútnings-
bátnum „Pálma.“ T. 204
Svallaðseyri.
Frá 1 apríl 1936

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri frá árinu 2012. Af öðrum lögum sem skipta verulegu máli í starfinu má nefna upplýsingalög, stjórnsýslulög og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Að auki koma reglur, sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett um ákveðna og afmarkaða þætti skjalavörslunnar, mikið við sögu í starfseminni.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð en þau eru: Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandar-hreppur. Íbúar á svæðinu voru 23.100 þann 1. desember 2023.

Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er vegna vinnu, verkefna eða áhugamála. Safnið er opið mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 10.00 til 16.00 en lokað er fyrir afgreiðslu á miðvikudögum.



Úr afhendingu 2023/37 Ungmennafélagið Valur Akureyri

Starfsemi

Frá því að safnið var opnað hefur starfsemi og hlutverk þess tekið umtalsverðum breytingum, í takt við lög sem um starfsemina gilda og breytingar á samfélaginu. Í grófum dráttum má skipta starfinu í eftirfarandi þætti:

- Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins
- Móttaka og varðveisla skjala frá skilaskyldum aðilum og einkaaðilum
- Skráning, frágangur og miðlun á skjalaskrá á lestrarsal og á heimasíðu safnsins
- Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila
- Rannsóknir, sýningar og miðlun safnkosts

Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins


Á árinu 2023 voru gestir safnsins 568 alls. Af þeim voru 135 nemendur úr grunnskólum bæjarins, sem fengu fræðslu um hlutverk og verkefni safnsins. 433 gestir komu á lestrarsal og voru 66% þeirra karlar og 34% konur.



Kynjaskiptingin er nokkuð í samræmi við tölur fyrri ára en gestafjöldinn dróst saman um 15% milli ára.

Útlán og fyrirspurnir


Útlán á árinu 2023 voru samtals 2.360 og að þessu sinni voru flest þeirra til gesta á lestrarsal eða 1222. Útlánatölur vegna sýninga, millisafnalána og fyrirspurna eru mjög svipaðar eða á milli 372 og 390.




Á heildina litið hefur útlánunum verið að fækka síðustu árin en það má að einhverju leyti rekja til þess að minna hefur verið um sýningar. Önnur mikilvæg skýring er að möguleikar fólks til þess að nálgast safnkostinn hafa aukist mikið eftir að skjalavefurinn á heimasíðunni varð til. Árið 2023 voru heimsóknir á síðunni rétt innan við 9000 og er þá átt við heimsóknir þar sem gestir staldra við og eru að lesa sér til gagns. Það er mjög sambærilegt við heimsóknir árið 2022.

Aðföng

Á árinu 2023 bárust 80 afhendingar og var umfang þeirra 65,94 hillumetrar. Tvær af afhendingunum voru rafrænar og í einu tilviki var efnið afhent bæði rafrænt og á upprunalegu formi. Rafræn skjöl voru samtals 2.48 GB.




Af þessum 80 afhendingum komu 25 frá skilaskyldum aðilum en hinar komu frá einkaaðilum: 31 afhending frá einstaklingum, 20 frá félögum eða samtökum og 4 frá einkareknum fyrirtækjum.



Undanfarin ár hefur það verið regla að mun fleiri afhendingar berast frá einkaaðilum en ef litið er til umfangsins kemur mun meira frá opinberum aðilum.

Langstærsti hluti þess sem kemur frá opinberum aðilum eru fullfrágengin skjöl og munar þar mestu um afhendingar frá Akureyrarbæ. Allar afhendingar sem komu fullfrágengnar árið 2023 voru frá Akureyrarbæ.

Í gegnum árin hafa einkaaðilar afhent opinber skjöl. Við tiltektir, flutninga og frágang á dánarbúum koma stundum í ljós ein og ein mappa eða gjörðabók sem orðið hafa til í trúnaðarstörfum einstaklinga. Sem betur fer kemur efnið síðan oft til okkar, þótt ómögulegt sé að segja til um hvort það gerist alltaf, en stundum fyllist í eyður í áður komið efni með þessum hætti. Þau skjöl sem koma til okkar við þessar aðstæður eru óskráð við afhendingu og það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu leyti einnig óskráð. Þegar skjölin koma óskráð og óflokkuð eru þau grófflokkuð og grisjuð eftir því sem tilefni er til og þau sett í skjalaöskjur en nákvæmari skráning getur dregist eftir því hvernig stendur á öðrum verkefnum á safninu.



Með hálfskráðum skjölum er átt við að búið er að hreinsa skjölin og flokka og eitthvert yfirlit fylgir afhendingunni.

Samstarf héraðsskjalasafna um rafræna varðveislu og rafræn varðveisla

Á haustráðstefnu Félags héraðsskjalavara á Dalvík haustið 2022 gerðu héraðsskjalaverðir með sér samkomulag um samstarf við ákveðna þætti rafrænnar varðveislu.

Á árinu 2023 fólst samstarfið í undirbúningi að stofnun formlegs félags um rekstur sameiginlegs móttökuverkstæðis; ásamt því að samræma verkferla og verklag við móttöku og meðhöndlun rafrænna skjala og gerð hugbúnaðar við afgreiðslu úr safnefni á rafrænu formi. Þeir voru ófáir verkfundirnir, bæði á netinu og staðfundir, sem héraðsskjalavörður tók þátt í af þessu tilefni á árinu en fjöldi þeirra var ekki skráður sérstaklega.

Leiðarljós við samstarfið er að veita hvert öðru stuðning og byggja upp sameiginlega þekkingu á rafrænni varðveislu enda verði með því móti auðveldara að uppfylla lagaskyldur við verkefnið, óháð stærð sveitarfélaga og staðbundinni þekkingu. Það sem skiptir ekki hvað síst máli er að með samræmingu verklags og samrekstri móttökuverkstæðis mun draga úr kostnaði við móttöku og langtímavarðveislu rafrænna skjala.

Stór þáttur þess að gera héraðsskjalasöfnum kleift að hefja rafræna varðveislu eru kynningarmál, þ.e. að kynna markmið, fyrirkomulag og kosti samstarfsins, minna á hlutverk héraðsskjalasafna, ásamt því að útskýra hvernig rafræn varðveisla er frábrugðin hefðbundinni varðveislu á pappír. Í því skyni skilaði hópur héraðsskjalavara af sér tveimur skýrslum á árinu, sem liðum í upplýsingagjöf til handa sveitarfélögunum og skilaskyldum aðilum. Skýrslurnar eru:

Starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna

(sjá: <https://www.herak.is/static/files/heradsskjalasofn2023-2-.pdf>)

Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu

(sjá: https://www.herak.is/static/files/mottokumidstodheradsskjalasafna2023_b.pdf)

Á árinu tók Héraðsskjalasafnið við tveimur rafrænum afhendingum þar sem verklagi og aðferðum MHR (Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna varðveislu) var fylgt. Þetta var tilraunaverkefni að frumkvæði safnsins til þess að athuga hvernig verkferlar reyndust, ásamt því að kanna betur um hentugan búnað og hvernig varðveislunni yrði best háttað. Gögnin voru margs konar rafræn skjöl frá Grenivíkurskóla en starfsmaður MHR útbjó vörsluútgáfu af gagnasafninu og í framhaldinu fékk Héraðsskjalasafnið það til langtímavarðveislu. Tilraunin heppnaðist með ágætum.

Ráðgjöf, eftirlit og rafrænt umhverfi

Í upphafi ársins var send út könnun til þeirra stofnana og fyrirtækja (skjalamyndara) sem lögum samkvæmt eiga að skila skjölum sínum til Héraðsskjalasafnsins. Í könnuninni voru forsvarsmenn skjalamyndara beðnir um að gera grein fyrir þeim rafrænu kerfum sem verið er að nota hjá þeim. Markmiðið var að fá yfirlit yfir þau kerfi sem eru í notkun á safnsvæðinu og fá þannig betri yfirsýn yfir það sem er framundan, þ.e. varðveisla gagnanna sem eru í rafrænum kerfum skjalamyndaranna.

Nokkur tími fór í að fá svör og þegar þessi orð eru skrifuð hafa ekki allir skjalamyndarar skilað sínu inn. Úrvinnslan er komin vel á veg en verkið er þess eðlis að niðurstöðurnar verða aldrei endanlegar og breytast eftir aðstæðum hjá þeim sem mynda skjölin, svo sem við afhendingar gagna og breytingar á kerfum.

Þegar er ljóst að þau kerfi sem eru í notkun á starfssvæði safnsins eru a.m.k. eitthvað á þriðja hundraðið en þá er miðað við fjölda stofnana sem nota kerfin. Þannig er skjala-vörslukerfið ONE Systems talið sem fimm kerfi enda er kerfið notað hjá sveitarfélögunum fimm, InfoMentor er talið jafn oft og þær menntastofnanir sem nota kerfið o.s.frv. Ástæðan fyrir þessari framsetningu er að hún segir til um líklegan fjölda rafrænna afhendinga til safnsins á næstu árum.

Sérstakar reglur Þjóðskjalasafns um rafræna varðveislu eru tvær. Annars vegar *Reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila* (nr. 877/2020) og *Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila* (nr. 100/2014) hins vegar.

Fram kemur í reglum nr. 877/2020 að áður en farið er að nota rafrænt kerfi, sem felur í sér skipulega myndun og varðveislu gagna, skuli tilkynna kerfið til viðkomandi opinbers skjalasafns eigi síðar en þremur mánuðum áður en það er tekið í notkun. Tilkynningin er í raun umsókn til opinber skjalasafns um að mega nota kerfið samkvæmt því sem fram kemur í tilkynningunni og fylgiskjöllum hennar. Einnig þarf að vera ljóst að hægt sé að afhenda skjölin úr kerfinu til varanlegrar varðveislu. Á skjalasafninu er veitt samþykki fyrir notkun kerfisins, metið hvort varðveita skuli skjölin í kerfinu og hvenær þau skuli afhent ef það á við.

Héraðsskjalasafnið hefur fengið eina slíka tilkynningu og því mætti ætla að aðeins einn skjalamyndari sé að nota eitt rafrænt kerfi við skjalavörslu. Það er vel þekkt að verið er að nota mörg rafræn kerfi án þess að þau hafi verið tilkynnt og áðurnefnd könnun undirstrikar það. Það væri vissulega mun betra að fleiri tilkynningar hefðu borist og skjalavarslan væri þá í betri takti við regluverkið.

Það er vel skiljanlegt og eðlilegt að rafræn kerfi séu notuð enda létta þau verkin og bjóða upp á marga möguleika, ekki hvað síst samvinnu og samnýtingu í skýjaþjónustu. Það er auðvelt og spennandi að taka rafrænt kerfi í notkun og seljendur hugbúnaðar eru duglegir við að hanna og þróa ný kerfi og hvetja til notkunar þeirra. Þróunin er mjög hröð en full ástæða er til þess að hvetja fólk til þess að flýta sér hægt, ekki gleyma þeim reglum og skyldum sem gilda um varðveisluna og hafa góða reiðu á skjölunum, rafrænum sem öðrum.

Sýningar og samfélagsmiðlar

Þema skjaladagsins var að þessu sinni *flótti* og var sett upp sýning undir þessari yfirskrift í anddyri safnsins í nóvember.

Á sýningunni voru m.a. skjöl tengd vesturferðum, fólksflutningum úr sveitum landsins til þéttbýlis við sjávarsíðuna, flóttafólki frá fyrrum Júgóslavíu sem flutti til Akureyrar 2003, komu þýsks verkafólks til Íslands eftir seinni heimstyrjöldina o.fl. Skjölín voru bæði í sýningarkössum eins og þau koma fyrir og í sjónvarpi. Góð viðbót við sýninguna voru bækur frá Amtsbókasafni, sem á einn eða annan hátt fjalla um flóttu.

Áfram var haldið við að birta skilgreiningar á hugtökum í skjalavörslu og skjalastjórn með vikulegum innslögum á Facebook og Instagram undir yfirskriftinni *Vissir þú. Skjal vikunnar* var birt á tveggja vikna fresti á þessum sömu miðlum.



Skjal vikunnar 8. september 2023 kom úr skjalasafninu Frá ýmsum.

Í nóvember byrjaði vefmiðillinn akureyri.net að birta efni undir yfirskriftinni *Söfnin okkar*. Þar er vikulega birt efni frá nokkrum af söfnunum í bænum og er Héraðsskjalasafnið eitt þeirra. Framsetningin er með líkum hætti og *Skjal vikunnar*, þ.e. mynd af einhverju skjali ásamt texta um það og/eða innihald þess. Byrjað var á efni frá Héraðsskjalasafninu.

Miðlunarverkefni 2023

Óvenju mikið var myndað af skjölum á árinu og kom það einkum til af því að um helming ársins naut safnið krafta starfsmanns sem ráðinn var í tengslum við átak stjórnvalda um atvinnu fyrir flóttafólk.

Auk þess fékk safnið tvo styrki frá Þjóðskjalasafni til miðlunar safnefnis. Annars vegar styrk til skráningar á lýsigögnum og frágangs á vef á þegar ljósmynduðu efni og hins vegar til ljósmyndunar, skráningar og miðlunar á gjörðabókum búnaðarfélaga í Eyjafirði.

Samtals voru myndaðar 302 bækur og blöð og voru það aðallega gjörðabækur og blöð félaga á safnsvæðinu svo sem frá ungmennafélögum, kvenfélögum og íþróttafélögum. Efnið var sett á skjalavefinn á heimasíðu safnsins jafnóðum og það var tilbúið og bættist við áður birt efni. Í árslok voru um 690 bækur, blöð og húsateikningar úr safnkostinum aðgengilegar þar. Bækurnar eru t.d. gjörðabækur, virðingabækur og bréfabækur.

Á árinu voru gerðar umtalsverðar endurbætur á skjalavefnum, bæði til einföldunar og þæginda fyrir starfsfólk en ekki hvað síst fyrir notendur. Í stað texta er notað myndefni til þess að tákna efnisflokka og sveitarfélög og möguleikar eru til síunar efnisins. Sjón er sögu ríkari en slóðin á skjalavefinn er: <https://www.herak.is/is/skjalavefur>.



Táknmynd fyrir búnaðarfélög á skjalavefnum.

Fundir og fræðsla

Mörg af þeim námskeiðum sem starfsfólk safnsins nýttu sér á árinu 2023 voru rafræn enda eru möguleikar á að auka þekkingu sína með þeim hætti góðir. Námskeið og fundir sem starfsfólk tók þátt í voru þessi (sum rafræn, önnur ekki):

- 17. janúar *Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu og skjalastjórn.* Netnámskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- 31. janúar *Sameining afhendingarskyldra aðila og tilfræsla verkefna: nokkur góð ráð.* Netnámskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- 21. febrúar *Afhendingar úr rafrænum gagnasöfnum.* Netnámskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- 21. mars *Innra eftirlit með rafrænum gagnasöfnum.* Netnámskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.
- 5. apríl *Grunnnámskeið í að nota Excel.* Netnámskeið á vegum Akademias.
- 16. maí *Vorráðstefna Þjóðskjalasafns: Half told Tales: Facts, Evidence and the Search for Truth (þátttaka í streymi).*
- 31. ágúst *Þetta þarftu að vita – verðmætin liggja í upplýsingum.* Ráðstefna Félags um skjalastjórn, haldin í Reykjavík.
- 28. - 29. sept. *Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi, haldin á Ísafirði.*
- 4. desember *Fundur opinberra skjalasafna, haldinn á Þjóðskjalasafni Íslands.*

Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi 2023

Að þessu sinni var ráðstefnan haldin á Ísafirði og voru eftirfarandi málstofur á dagskránni:

- Grisjun, hreinsun og tiltekt
- Staða og framtíð héraðsskjalasafna
- Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR).

Aðrir dagskrárliðir voru:

- Stafrænar ógnir
- Í lausu lofti
- Pappír á stafrænt form.

Almennt yfirbragð á ráðstefnum félagsins er að starfsfólk héraðsskjalasafnanna miðlar af sérþekkingu og reynslu sinni til annarra ráðstefnugesta en einnig halda utanaðkomandi sérfræðingar erindi, eftir því sem tilefni eru til. Að þessu sinni fengu ráðstefnugestir slík erindi frá:

- Advania um öryggismál í netheimum

- Þjóðskjalasafni Íslands um nýjar reglur um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhaldi
- Arkivverket í Oslo um stafrænar umbreytingar

Ráðstefnur sem þessar eru endurnærandi og styrkja fólk í starfi. Á ráðstefnunni var nokkuð rætt um framtíð og stöðu héraðsskjalasafnanna enda lágu fyrir ákvarðanir um að leggja tvö þeirra niður. Öll umræða er af hinu góða en þessar sérstöku aðstæður urðu venju fremur til eflingar samkenndar og sannfæringar, a.m.k. starfsfólks safnanna, um nauðsyn opinberra skjalasafna í héraði og að á héraðsskjalasöfnunum væri unnið gott og faglegt starf.



Starfsfólk héraðsskjalasafnanna á Blönduósi, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Neskaupstað á heimleið eftir vel heppnaða ráðstefnu á Ísafirði.

Starfsfólk árið 2023:

Katrín Björg Þórisdóttir skjalavörður (80% frá 1. mars)
 Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður (100%)
 Þuríður Jóna Steindóttir skjalavörður (50% frá 1. mars)

Starfsfólk við miðlun:

Anna Björk Sigurðardóttir
 Júní Sigurðarbur
 Mohammad Nazir Nasimee

Rekstraryfirlit 2023

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem Akureyrarbær rekur en Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið auk þess verkefnastyrki frá Þjóðskjalasafni til miðlunar safnefnis.

Rekstrarkostnaður alls kr.		62.196.275
40	Tekjur - sala og þjónusta	195.344 cr
40	Tekjur - húsaleiga	233.844 cr
40	Tekjur - framlag ríkissjóðs	939.144 cr
40	Tekjur - verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	1.740.000 cr
40	Tekjur - framlag sveitarfélaga utan Akureyrar	7.292.704 cr
51	Launakostnaður og annar starfsmannakostnaður	25.197.314
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	3.274.559
54	Húsaleiga og lausafjárleiga Fasteigna Akureyrarbæjar	31.172.442
54	Önnur þjónustukaup og ræsting	2.551.960
Akureyrarkaupstaður kr.		51.795.239

Afhendingar 2023

Nr.	Skjalamyndari	Tímabil	Efni	HM	GB/MB
1	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	1900-2022	Teikningar að byggingum á Akureyri.	6	
2	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	1900-2022	Teikningar að byggingum á Akureyri.	6.24	
3	Stefán Kristinn Snælaugsson sjómaður Dalvík og Akureyri	1939-1968	Sjóferðabók; skipsrúms-samningur, viðskiptabækur o.fl.	0.03	
4	Hallgrímur Vilhjálmsson tryggingafulltrúi Akureyri	1934-1978	Andlitsteikningar, leikskrár, bíóprógrömm, sýningarskrár o.fl.	0.06	
5	Kirkjukórasamband Eyjafjarðarprófastsdæmis	1950-1999	Gjörðabók 1950-99, söngskrár, bréf o.fl.	0.06	
6	Leikskólinn Hulduheimar Akureyri	1996-2016	Persónumöppur nemenda og starfsmanna, 2.09 dagbækur skólastjóra og deilda.	2.09	
7	Hrafnagilshreppur	1914-1940	Forðagæslubækur	0.08	
8	Leikklúbburinn Saga Akureyri	1985-2003	Handrit leikrita, ársreikningar o.fl.	0.06	
9	Jakob Frimannsson kaupfélagsstjóri Akureyri	1917-1919	Þrjár námsbækur og höfuðbók við verslunina Ísland.	0.06	
10	Jóhann Bjarnason bókari Húsavík	1884-1885	Námsbók úr Möðruvallaskóla	0.03	
11	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	1927-2023	Teikningar að byggingum á Akureyri.	6.24	
12	Jóhann Bergvinsson skipstjóri, bílstjóri og bóndi Áshóli	1936-1942	Tekjur og gjöld af flutningabátum Pálma TH 207 o.fl.	0.08	
13	Eining-Iðja Akureyri	1910-2000	Skjöl frá verkalýðsfélögum á Akureyri og Siglufirði.	0.72	
14	Sverrir Hermannsson húsasmiðam. og Auður Jónsdóttir húsmóðir Akureyri	1940-2003	Bókhald fyrir heimilið, trésmíðaverkstæði 1.1 og fjárbúskap.	1.1	
15	Örn Ingi Gíslason listamaður Akureyri	1987-1987	Kvarttommuspólur með ýmsum menningartengdu efni.	0.46	545 MB
16	Vilhelm Björnsson framreiðslumaður og alkohól og drug therapist Hrísey	1977-2022	Bréf, jólakort og sálmaskrár.	0.14	
17	Magnús Ágústsson verkfræðingur Akureyri	1946-1988	Námsbækur og teikningar frá námstíma og úr starfi.	0.38	
18	Landþurrkunarfélag Glæsibæjarhrepps	1944-1952	Reikningsbók og bréf	0.03	
19	Arnar Sigtýsson iðnfræðingur og Málfríður Torfadóttir húsm. Akureyri	1889-1977	Bréf, samningar, umboð, teikningar frá rafvirkjanámi o.fl.	0.05	
20	Þórður Kárasen bóndi og vélamaður hjá Akureyrarbær	1939-1966	Veðurdagbækur Kára Þorsteinssonar og skýrslur um kúabú.	0.15	
21	Öxnadalshreppur	1980-1994	Gjörðabók fyrir brunamat í hreppnum.	0.05	
22	Skautafélag Akureyrar	1962-1992	Bréf og aðgangsmiði á afmælisfagnað á 25 ára afmæli félagsins.	0.03	
23	Guðmundur P. Steindórsson ráðunautur Akureyri	1937-1937	Leikritið Æsladrósin	0.03	
24	Hestamannafélagið Funi Eyjafjarðarsv.	1983-2009	Skjöl frá félaginu	0.16	

Nr.	Skjalamyndari	Tímabil	Efni	HM	GB/MB
25	Félag sauðfjárbænda við Eyjafjörð	1985-2002	Skjöl frá félaginu	0.16	
26	Sóknarnefnd Saurbæjarsóknar í Eyjafjarðarsveit	1980-2013	Ársreikningar Saurbæjarsóknar og Kirkjugarða Laugalandsprestakalls, bréf, fundargerðir o.fl.	0.16	
27	Góðtemplarareglan á Akureyri	1984-2010	Skjöl um gjöf reglunnar á Friðbjarnarhúsi til bæjarins, ásamt fleiru.	0.03	
28	Hafþór Árnason Kópavogi	1888-1888	Bæjarvísur Sveins Jóhannssonar um bændur í Myrkársókn.	0.03	
29	Magnús Bjarnason skipasmiður og Ingibjörg Halldórsdóttir húsmóðir Akureyri	1972-1992	Dagbækur Ingibjargar og Magnúsar, heimilisbókhald, vinnubókhald o.fl.	0.24	
30	Benedikt Ingimarsson bóndi Hálsi Eyjafjarðarsveit	1886-1992	Kveðskapur, gestabók, uppskrift á leikriti.	0.14	
31	Stangveiðifélagið Straumar Akureyri	1985-2001	Veiðileyfi, veiðiskýrslur um veiði í Húseyjarkvísl.	0.06	
32	Grýtubakkahreppur	1963-1978	Bréf, mælibréf, tryggingarskrár, skrá um bílnúmer o.fl.	0.08	
33	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	1933-2023	Teikningar að byggingum á Akureyri.	6.24	
34	Davíðshús Akureyri	2008-2023	Gestabók dvalargesta í Davíðshúsi.	0.03	
35	Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor Reykjavík	1924-1933	Glósubækur úr gagnfræðiskóla	0.03	
36	Nautgripærktarfélag Öngulsstaðahrepps	1922-1924	Skýrslur um mjólk og fóður.	0.03	
37	Ungmennafélagið Valur Akureyri	Óárss.	Lög félagsins	0.03	
38	Lestrarfélag Kaupangssóknar	1947-1997	Bókaskrár og útlánabók	0.06	
39	Félag ungra jafnaðarmanna Akureyri	1971-1972	Meðlimatal	0.03	
40	Hlíðarfjall	1964-2011	Fjárhagsáætlanir, bréf, ljósmyndir o.fl.	1.46	
41	Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis Akureyri	2006-2018	Fundargerðir og bréf	0.03	
42	Hverfisnefnd Síðuhverfis Akureyri	2004-2017	Greinargerðar, bréf og tölvupóstar, skýrslur, fundargerðarbók, samþykktir, tilkynningar, tillögur, teikningar, myndir, upprættir o.fl.	0.08	
43	Leikskólinn Lundarsel Akureyri	1979-2022	Fundargerðir, skýrslur, áætlanir, loftgæða- og hávaðamælingar, námskeiðisgögn, kannanir, kennslugögn, mætingarlistar, persónumöppur nemenda og starfsmanna, dagbækur, ljósmyndir o.fl.	4.98	
44	Leikskólinn Naustatjörn Akureyri	2002-2021	Fundargerðir, skýrslur, áætlanir, loftgæða- og hávaðamælingar, námskeiðisgögn, kannanir, kennslugögn, mætingarlistar, persónumöppur nemenda og starfsmanna, dagbækur, ljósmyndir o.fl.	4.56	

Nr.	Skjalamyndari	Tímabil	Efni	HM	GB/MB
45	Öldrunarheimili Akureyrar	1952-2021	Fjárhagsáætlanir, fundargerðir, skýrslur, bréf, stefnumótun, úttektir, kynningar, ársskýrslur, teikningar, starfsmannafræðsla, íbúaskrár, spjaldskrár starfsfólks, persónumöppur íbúa og starfsmanna, ljósmyndir o.fl.	6.13	
46	Vetraríþróttamiðstöð Íslands Akureyri	1993-2021	Ársreikningar, skýrslur, fundargerðir, fjárhagsáætlanir, reikningsyfirlit, bréf, greinargerðir, samningar, viðburðir o.fl.	0.4	
47	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	1903-2023	Teikningar að byggingum á Akureyri.	5.04	
48	Valdimar Baldvinsson kaupmaður og Kristína Hólmgeirsdóttir skrifstofukona Akureyri	1954-1954	Fylgiskjöl frá byggingu hússins að Ásvegi 27.	0.06	
49	Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur Egilsstöðum	1983-2023	Afrit af greinum og ritgerðum um huldufólksbústaði í Eyjafirði, álfheiminn og íslenskar kynjaverur. Einnig ritaskrá Helga um þjóðtrú og þjóðtrúarfræði.	0.03	
50	Einar Petersen bóndi Kleif Þorvaldsdal	1977-1994	Bréf, ljósmyndir, greinar o.fl.	0.06	
51	Erlingur Davíðsson bóndi og ritstjóri Akureyri	Óárss.	Hljóðupptökur á kasettum og spólum.	0.11	
52	Geir Sæmundsson vígslubiskup Akureyri	1922-1931	Póstkort og ljóð	0.03	
53	Signý Jónsdóttir sjúkrahjálfari Akureyri	1966-1966	Jólaort til Signýjar í Barnaskóla Akureyrar.	0.03	
54	Grenivíkurskóli	2006-2016	Gögn úr Mentor á rafrænu formi.		5 MB
55	Grenivíkurskóli	2000-2023	Rafræn gögn af möppukerfi skólans varðandi flesta þætti skólastarfs.		1,9 GB
56	Eggert Stefánsson framkvæmdastjóri og Aðalheiður Þorleifsdóttir húsmóðir Akureyri	1935-1935	Hjónavígslubréf þeirra	0.03	
57	Þelamerkurskóli	1942-2012	Skjöl frá yfirstjórn skólans, námsmat, starfsmannahald, skólalald o.fl.	1.07	
58	Sveinn Jóhannesson bóndi Hóli Grýtubakkahreppi	1927-2002	Einkaskjöl Sveins, ásamt skjölum frá föður hans og afa.	0.06	
59	Örn Ingi Gíslason listamaður Akureyri	1970-1992	Gögn um stofnun Myndlistarfélagsins á Akureyri, um sýningar sem Örn Ingi tók þátt í, gögn um gjörninga, Listaskóla Arnar Inga, gagnrýni á sýningar o.fl.	0.14	
60	Dýrleif Bjarnadóttir píanó kennari Akureyri	1958-2010	Skjöl frá kennslu Dýrleifar í Tónlistarskólanum á Akureyri. Einnig skjöl frá námi hennar erlendis.	0.46	
61	Sigurður B. Svanbergsson vatnsveitustjóri Akureyri	1922-2007	Skjöl frá Karalakórnum Geysi og Geysiskvartettinum, þ.m.t. fundargerðabækur, hljóðupptökur, söngskrár og söngnótur.	0.92	
62	Björn Jónsson bóndi Álftavatni í Staðarsveit	1894-1970	Dagbækur Björns ásamt efni um Staðarsveit.	0.1	

Nr.	Skjalamyndari	Tímabil	Efni	HM	GB/MB
63	Grýtubakkahreppur	1878-1988	Fjallskilabækur, kjörbækur, gjörðabók bjargráðasjóðs, uppboðsbók, gjörðabók sjúkrasamlags, skýrslur, skipshafnaskrá, bygging hafnar á Grenivík o.fl.	0.29	
64	Barnastúkan Mjöll Grýtubakkahreppi	1941-1946	Gjörðabók	0.03	
65	Mjólkurdeild Höfðhverfinga	1965-1975	Gjörðabók	0.03	
66	Höfðhverfingadeild KEA	1967-2001	Gjörðabækur	0.03	
67	Sparisjóður Höfðhverfinga	1918-1973	Sjóðsbók og lög sparisjóðsins.	0.05	
68	Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps	1913-1960	Innkomin bréf, lög félagsins, jarðabóta-skýrsla, fjárvigtunarskýrslur.	0.08	
69	Ræktunarsamband Svalbarðsstrandar og Grýtubakkahrepps	1957-1964	Reikningabók	0.03	
70	Sigríður Kristbjörg Stefánsdóttir húsmóðir Akureyri	1910-1916	Bréf Stefáns Ingjaldssonar til bróður hans.	0.03	
71	Sundfélagið Óðinn Akureyri	2015-2022	Gestabók Króks skipstjóra nr. 1.	0.03	
72	Sigfríður Jónsdóttir húsmóðir og Vera Sigurðardóttir húsmóðir Hrísey	1961-1998	Leikskrár og fréttabréf Hríseyjarhrepps.	0.03	
73	Ari Guðmundsson Akureyri	1914-1921	Skýrsla um skákmót og skákskýringar.	0.03	
74	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	1920-2023	Teikningar að byggingum á Akureyri.	5.2	
75	Samband nautgriparæktarféлага Eyjafjarðar	1939-1973	Fitumælingar og sæðingarskýrslur	0.63	
76	Skólanefnd þelamerkurskóla	1983-2012	Bréf, fjárhagsáætlanir, fundargerðir og fylgigögn þeirra.	0.08	
77	Teiknistofan Eyrarlandsv. 20 Akureyri		Teikningar að byggingum.	1.56	
78	Leikskólinn/Barnaheimilið Stekkur Akureyri	1982-1997	Ljósmyndir úr starfi, fundabækur starfsmannafunda 1984-91 og 1991-97.	0.24	
79	Foreldrafélag leikskólans Stekks	1990-2006	Fundargerðabók	0.03	
80	Foreldrafélag þelamerkurskóla	1990-2006	Skjöl frá félaginu	0.08	

©Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2024

Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir

Myndin á forsíðunni er úr afhendingu 2023/12

Prófarkalestur: Hólmkell Hreinsson og Þorsteinn Gunnar Jónsson

Vefútgáfa: <http://www.herak.is/um-safnid/arsskyrslur>